

**1993 nr. 46 6. maí****Lög um heimild til þess að fullgilda Norðurlandasamning um almannatryggingar**

■ **1. gr.** Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um almannatryggingar sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 15. júní 1992 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

■ **2. gr.** Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur öðlast gildi, að því er Ísland varðar, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

**Fylgiskjal.****Norðurlandasamningur um almannatryggingar.**

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar,

sem álíta að Norðurlandasamningurinn frá 1981 um félagslegt öryggi, sem kom í stað upprunalegs samnings frá 1955, hafi átt mikilvægan þátt í að tryggja norrænum ríkisborgurum, sem starfa eða dveljast í öðru norrænu landi, sama félagslegt öryggi og ríkisborgurum landsins,

sem gera sér ljóst að samkvæmt EES-samningnum verði það reglur þess samnings um almannatryggingar sem munu gilda um norræna ríkisborgara sem starfa eða dveljast í öðru norrænu landi,

sem álíta að þörf sé á norrænum reglum um almannatryggingar fyrir þá einstaklinga sem falla ekki undir reglur EES, þ.e. afmarkaðan hóp norrænna ríkisborgara og ríkisborgara frá þriðja landi,

sem álíta að jafnframt sé þörf á því að halda í gildi tilteknur um norrænum reglum um almannatryggingar sem viðbót við reglur EES um almannatryggingar,

hafa komið sér saman um að gera nýjan Norðurlandasamning um almannatryggingar svohljóðandi:

**I. hluti. Almenn ákvæði.**

■ **1. gr.** Í samningi þessum merkja orðin:

a. *norrænt land*

sérhvert samningsríkjanna,

b. *norrænn ríkisborgari*

ríkisborgara norræns lands,

c. *löggjöf*

lög, reglugerðir og aðrar stjórnvaldsákvæðanir um þær greinar félagslegs öryggis sem um ræðir í 1. mgr. 2. gr., þó ekki að því leyti sem í þeim felast reglur um samskipti eins norræns lands eða fleiri annars vegar og eins eða fleiri annarra landa hins vegar,

d. *þar til bært stjórnvald*

í Danmörku:

1. félagsmálaráðherrann,

2. atvinnumálaráðherrann,

3. heilbrigðismálaráðherrann,

í Finnlandi:

félags- og heilbrigðismálaráðuneytið,

á Íslandi:

1. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherrann,

2. félagsmálaráðherrann,

3. fjármálaráðherrann,

í Noregi:

1. félagsmálaráðuneytið,

2. atvinnu- og stjórnsýslumálaráðuneytið,

3. barna- og fjölskyldumálaráðuneytið, í Svíþjóð:

ríkisstjórnina (félagsmálaráðuneytið)

eða það stjórnvald sem nefnd stjórnvöld kveða á um,

e. *stofnun*

stjórnvald eða stofnun sem veitir bætur,

f. *aðstoð*

annars vegar undanþágu frá greiðslu, eftirgjöf eða endurgreiðslu kostnaðar vegna sjúkrahjálpar, þar með taldar tannlækningar, hjálp vegna meðgöngu og fæðingar, lyf, gervilimir og önnur stoðtæki, og hins vegar greiðslur vegna ferða sem farnar eru vegna slíkrar sjúkrahjálpar,

g. *grunnlífeyrir*

almennan lífeyri sem ekki miðast við starfstíma, fyrri atvinnutekjur eða iðgjaldagreiðslur, svo og viðbótargreiðslur við slíkan lífeyri,

h. *viðbótarlífeyrir*

almennan lífeyri sem miðast við starfstíma, fyrri atvinnutekjur eða iðgjaldagreiðslur, svo og viðbótargreiðslur við slíkan lífeyri,

i. *búseta*

að maður sé búsettur í landi samkvæmt þjóðskrá þess ef sérstakar ástæður leiða ekki til annars,

j. *EES-samningurinn*

samninginn um Evrópskt efnahagssvæði frá 2. maí 1992,

k. *EES-land*

land sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði nær til,

l. *reglugerðin*

reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, með þeim breytingum og viðbótum sem fram koma í viðauka VI við EES-samninginn,

m. *framkvæmdareglugerðin*

reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, með þeim breytingum og viðbótum sem fram koma í viðauka VI við EES-samninginn.

■ **2. gr.** 1. Samningur þessi tekur til allrar löggjafar í norrænum löndum sem á hverjum tíma gildir um eftirtaldir greinar félagslegs öryggis:

a. bætur vegna veikinda, barnsfæðinga eða ættleiðinga,

b. bætur vegna örorku, ellis eða dauða,

c. bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma,

d. bætur vegna atvinnuleysis,

e. almennar bætur í peningum til barna.

□ 2. Þegar samningur þessi er samþykktur skal hvert Norðurlandanna leggja fram skrá yfir gildandi löggjöf um þær greinar félagslegs öryggis sem getið er um í 1. mgr. Síðan skal sérhvert land fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert tilkynna danska utanríkisráðuneytinu þær breytingar á skránni sem verða vegna löggjafar sem sett hefur verið á næstliðnu almánaksári.

■ **3. gr.** 1. Samningurinn tekur til eftirfarandi einstaklinga svo framarlega sem þeir falla ekki undir reglugerðina:

a. norrænna ríkisborgara,

b. flóttamanna sem um ræðir í 1. gr. samnings frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna og bókun með þeim samningi frá 31. janúar 1967,

c. ríkisfangslausra manna sem um ræðir í 1. gr. samnings frá 28. september 1954 um réttarstöðu ríkisfangslausra manna,

d. annarra einstaklinga sem löggjöf norræns lands tekur eða hefur tekið til,

e. einstaklinga sem rekja rétt sinn til einhvers þeirra einstaklinga sem nefndir eru í staflíðum a til d.

□ 2. Að svo miklu leyti sem það leiðir af ákvæðum samningsins skal hann enn fremur gilda um einstaklinga sem reglugerðin tekur til.

■ **4. gr.** Við framkvæmd löggjafar í norrænu landi njóta ríkisborgarar annarra norrænna landa sama réttar og eigin borgarar landsins að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum 11.–13. gr.

■ **5. gr.** Nú ber samkvæmt löggjöf norræns lands að lækka bætur ef þær lenda með öðrum bótum og skal þá einnig unnt að lækka bæturnar ef þær lenda með samsvarandi bótum sem greiddar eru samkvæmt löggjöf annars norræns lands.

### II. hluti. Ákvæði um hvaða löggjöf skuli beita.

■ **6. gr.** Sá sem búsettur er í norrænu landi fellur undir löggjöf búsetulandsins, að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af öðrum ákvæðum þessa hluta.

■ **7. gr.** 1. Ákvæði II. bálks reglugerðarinnar og III. bálks framkvæmdareglugerðarinnar gilda á sama hátt um þá sem starfa í öðru norrænu landi en búsetulandinu eða sem starfa í tveim eða fleiri norrænum löndum eða um starfslíð í ferðum hjá fyrirtæki sem annast flutninga í lofti eða á landi eða þá sem vinnuveitandi í einu norrænu landi sendir tímabundið til starfa í öðru norrænu landi.

□ 2. Það skal einnig talið starf í norrænu landi þegar unnið er við rannsóknir og nýtingu náttúruauðlinda á landgrunni þess lands eins og það er skilgreint í Genfarsamþykktinni frá 29. apríl 1958 um landgrunnið.

□ 3. Ákvæði 2. mgr. taka einnig til einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

■ **8. gr.** Að því er varðar tiltekna hópa manna eða einstaklinga geta þar til bær stjórnvöld tveggja eða fleiri norrænna landa gert samning um undantekningar frá ákvæðum þessa hluta.

### III. hluti. Sérstök ákvæði um bótarétt.

#### 1. kafli. Aðstoð og dagpeningar vegna veikinda, barnsfæðinga eða ættleiðinga.

■ **9. gr.** Ákvæði 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 1. og 2. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar gilda um einstaklinga sem flytjast frá einu norrænu landi til annars eða eru búsettir í norrænu landi og eiga þar rétt á aðstoð og viðdvöl í öðru norrænu landi þarfnast sjúkrahjálpar, eða sem vinna í öðru norrænu landi en því sem þeir eiga búsetu í, og um aðstandendur þessara einstaklinga.

■ **10. gr.** 1. Nú er einstaklingur búsettur í norrænu landi og á rétt á aðstoð þar, en fær sjúkrahjálp meðan hann dvelur tímabundið í öðru norrænu landi og skal þá dvalarlandið standa straum af þeim aukakostnaði við heimferð til búsetulandsins sem leiðir af því að viðkomandi vegna sjúkdómsins verður að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

□ 2. Ákvæði 1. mgr. taka einnig til einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

□ 3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um einstakling sem fær leyfi til að fara til annars norræns lands til þess að fá þar þá meðferð sem nauðsynleg er vegna ástands hans.

#### 2. kafli. Bætur vegna örorku, elli og dauða.

##### Grunnlífeyrir.

■ **11. gr.** 1. Ríkisborgari í norrænu landi á rétt á grunnlífeyri frá öðru norrænu landi hafi hann öðlast rétt til lífeyris í því landi á grundvelli a.m.k. þriggja ára búsetu.

□ 2. Tímabil, sem viðkomandi hefur fengið lífeyri fyrir frá öðru EES-landi, skal ekki telja með við ákvörðun um það hvort búsetuskilyrðum skv. 1. mgr. er fullnægt.

□ 3. Skilyrði 1. mgr. telst ekki fullnægt með því að taka til greina búsetu- og tryggingatímabil í öðrum löndum. Ákvæðum 2., 3. og 8. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 1., 3. og 8. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar skal að öðru leyti beitt við útreikning á grunnlífeyri samkvæmt þessari grein gagnvart löggjöf annarra norrænna landa.

■ **12. gr.** Meðan ríkisborgari norræns lands er búsettur í EES-landi á hann rétt til þess grunnlífeyris sem hann hefur áunnið sér rétt til í norrænu landi.

■ **13. gr.** 1. Sé fyrir hendi, við útreikning grunnlífeyris, réttur til þess að fá meðtalin framtíðarbúsetutímabil eftir lífeyrisatburð í fleiri en einu norrænu landi og skal þá í hverju einstöku landi eingöngu taka tillit til hluta framtíðarbúsetutímabilsins. Þennan hluta skal ákveða á grundvelli raunverulegs búsetutíma sem nota skal við lífeyrisútreikninginn út frá hlutfallinu milli raunverulegs búsetutíma í viðkomandi landi og samanlagðs raunverulegs búsetutíma í löndunum.

□ 2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

##### Viðbótarlífeyrir.

■ **14. gr.** Þegar ákveðinn er réttur til viðbótarlífeyris skal beita ákvæðum 2., 3. og 8. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 1., 3. og 8. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar gagnvart löggjöf annarra norrænna landa.

■ **15. gr.** 1. Hafi skilyrðum fyrir því, að viðbótarlífeyrir sé einnig reiknaður út á grundvelli ætlaðra tryggingatímabila sem til hefðu komið hefði lífeyrisatburður ekki gerst, verið fullnægt í fleiri en einu norrænu landi skal við útreikning í hverju einstöku landi eingöngu taka tillit til hluta ætlaðra tryggingatímabila. Þennan hluta skal ákveða á grundvelli raunverulegra tryggingatímabila sem nota skal við lífeyrisútreikninginn út frá hlutfallinu milli raunverulegra tryggingatímabila í viðkomandi landi og samanlagðra raunverulegra tryggingatímabila í löndunum.

□ 2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

#### 3. kafli. Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma.

■ **16. gr.** Við ákvörðun bótaréttar vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma og við útreikning þessara bóta skal beita ákvæðum 4. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 4. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar í samskiptum norrænna landa.

#### 4. kafli. Bætur vegna atvinnuleysis.

■ **17. gr.** 1. Við samlagningu trygginga- eða starfstímabila, ákvörðun bótaréttar og útreikning bóta vegna atvinnuleysis skal beita ákvæðum 6. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 6. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar í samskiptum norrænna landa. Ákvæðum 69. og 70. gr. reglugerðarinnar skal þó ekki beitt eftir ákvæðum þessarar málsgreinar.

□ 2. Skilyrði 3. mgr. 67. gr. reglugerðarinnar um trygginga- eða starfstímabil eiga ekki við um þá einstaklinga sem hafa annaðhvort starfað í þeim mæli að viðkomandi hafi fallið undir löggjöf um bætur vegna atvinnuleysis eða hafi tekið

við atvinnuleysisbótum í því norræna landi þar sem kröfur um bætur eru settar fram. Starfið skal þó hafa verið leyst af hendi eða greiðslur vegna atvinnuleysis móttæknar innan fimm ára frá þeim degi sem skráning vegna atvinnuleitar hjá opinberri atvinnumiðlun átti sér stað eða til vara frá félagaskráningu í viðkomandi atvinnuleysisstryggingasjóði.

□ 3. Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um þá sem falla undir reglugerðina.

#### IV. hluti. Önnur ákvæði.

■ **18. gr.** Þar til bær stjórnvöld skulu í samvinnu setja þær reglur sem þurfa þykir til þess að tryggja samræmda norræna framkvæmd þessa samnings.

■ **19. gr.** Við framkvæmd samnings þessa skulu stjórnvöld og stofnanir veita gagnkvæmt liðsinni eftir þörfum. Í sérhverju norrænu landi skal vera stofnun tilnefnd af þar til bæru stjórnvaldi sem sérstakur tengiliður.

■ **20. gr.** Ákvæðum 86. gr. reglugerðarinnar skal beitt að því er varðar erindi ýmiss konar, yfirlýsingar, kærur eða áfrýjanir sem berast stjórnvaldi í öðru norrænu landi en því sem þar til bært stjórnvald er í.

■ **21. gr.** Ákvæðum 111. gr. framkvæmdareglugerðarinnar skal beitt milli norrænna landa við endurheimtu óréttmætra greiðslna og við endurkröfu á veittri aðstoð.

■ **22. gr.** Samningur þessi veitir þeim sem ekki hafa búsetu í EES-landi ekki rétt til greiðslu grunnlífeyris. Samningurinn veitir heldur ekki rétt til þess að ávinna sér réttindi utan EES-landanna.

■ **23. gr.** 1. Nema um annað sé samið milli tveggja eða fleiri norrænna landa afsala þau sér skv. 36., 63. og 70. gr. reglugerðarinnar og 105. gr. framkvæmdareglugerðarinnar allri endurgreiðslu sín í milli vegna útgjalda við aðstoð vegna veikinda og barnsburðar og vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, vegna bóta til atvinnulausra sem leita atvinnu utan lögbærs lands og vegna útgjalda við eftirlit stjórnsýslu- og lækisfræðilegs eðlis.

□ 2. Afsal endurgreiðslu nær ekki til aðstoðar við þann sem fær leyfi hjá þar til bæri stofnun samkvæmt staflið c í 1. mgr. 22. gr. og staflið c í 1. mgr. 55. gr. reglugerðarinnar til að ferðast til annars norræns lands og fá þar þá meðferð sem nauðsyn ber til vegna ástands hans.

□ 3. Ákvæði þessarar greinar gilda bæði um bætur til þeirra sem falla undir reglugerðina og bætur til þeirra sem falla undir samning þennan, en ekki reglugerðina.

■ **24. gr.** 1. Samningur þessi tekur ekki til bóta og iðgjalda vegna tímans fyrir gildistöku hans.

□ 2. Við ákvörðun réttar til bóta samkvæmt samningi þessum skal einnig taka tillit til trygginga-, starfs- og búsetutímabíla fyrir gildistöku samningsins.

■ **25. gr.** Samningur þessi skal ekki hafa í för með sér lækun bóta sem greiddar eru þegar hann tekur gildi.

■ **26. gr.** 1. Nú hefur einstaklingur áunnið sér rétt til grunnlífeyris frá norrænu landi vegna búsetu í landinu á tímabili fyrir gildistöku samnings þessa, en hefur á sama tíma áunnið sér rétt til viðbótarlífeyris í öðru norrænu landi, og skal þá reikna grunnlífeyri fyrir þennan tíma frá síðarnefnda landinu einu saman eins og hann hefði verið búsettur þar.

□ 2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

■ **27. gr.** 1. Grunnlífeyri til handa norrænum ríkisborgara, sem greiddur hefur verið samkvæmt reglum Norðurlandasamnings frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi eða samkvæmt löggjöf eins eða fleiri norrænna landa fram að gild-

istöku samnings þessa, skal endurreikna samkvæmt reglum reglugerðarinnar eða samningsins að beiðni hlutaðeiganda eða samkvæmt ákvörðun stjórnvalds þess er greiða á lífeyrinn.

□ 2. Hafi hlutaðeigandi beiðið um að lífeyririnn yrði endurreiknaður innan tveggja ára frá gildistöku samningsins skal greiða endurreiknaðan lífeyri frá og með gildistöku samningsins. Þetta á einnig við þegar lífeyrisstjórnvald innan sama frests hefur tilkynnt lífeyrisstjórnvaldi í öðru norrænu landi um ákvörðun sína um að endurreikna lífeyrinn.

□ 3. Ákvarða skal lífeyririnn samkvæmt reglum þeim sem gilda frá því að samningurinn tekur gildi út frá aldri hlutaðeiganda og búsetutíma þegar lífeyrisatburðurinn gerðist.

□ 4. Sé samanlagður grunnlífeyrir lægri eftir endurreikning skv. 1. mgr. en grunnlífeyrir sá, sem hlutaðeigandi ætti rétt á frá sama tíma samkvæmt reglum Norðurlandasamnings frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi, skal greiða viðbót við lífeyrinn sem svarar til mismunar endurreiknaðs grunnlífeyris og grunnlífeyris samkvæmt þeim reglum sem áður giltu. Viðbótina skal endurskoða ár hvert miðað við 1. janúar út frá lífeyrisfjárhæðum þeim sem þá eru í gildi og skulu upphæðir vera óbreyttar allt árið. Það land, sem greiddi grunnlífeyri samkvæmt eldri reglum, skal greiða viðbótina.

□ 5. Varðandi einstakling, sem flutt hefur frá einu norrænu landi til annars við gildistöku samningsins og þiggur eftir það grunnlífeyri frá landinu sem flutt var frá samkvæmt ákvæðum 20. gr. Norðurlandasamnings frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi, þá má ekki greiða viðbótina lengur en fram til þess tíma sem rétti til grunnlífeyris frá landinu sem flutt var frá er lokið skv. 3. mgr. nefndrar greinar.

□ 6. Ákvæði greinar þessarar gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

■ **28. gr.** 1. Samningurinn gengur í gildi sama dag og EES-samningurinn gengur í gildi hjá norrænu löndunum með því skilyrði að allir aðilar hafi gert danska utanríkisráðuneytinu viðvart um að þeir hafi samþykkt samninginn.

□ 2. Hvað varðar Færeyjar, Grænland og Álandseyjar gengur samningurinn ekki í gildi fyrr en 30 dögum eftir að ríkisstjórnir Danmerkur og Finnlands hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að færeyska landstjórnin, grænlenka landstjórnin og landstjórn Álandseyja hafi tilkynnt að samningurinn skuli gilda fyrir Færeyjar, Grænland og Álandseyjar.

□ 3. Danska utanríkisráðuneytið lætur aðra aðila og skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar vita um viðtöku tilkynninga þessara og hvenær samningurinn tekur gildi.

■ **29. gr.** 1. Einn aðili getur sagt upp samningnum með skriflegri tilkynningu þar að lútandi til danska utanríkisráðuneytisins sem gerir öðrum aðilum viðvart um viðtöku tilkynningarinnar og efni hennar.

□ 2. Uppsögn gildir aðeins fyrir þann aðila sem segir upp og gildir hún frá og með byrjun þess almanaksárs sem hefst að liðnum sex mánuðum hið minnsta frá þeim degi er danska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

□ 3. Sé samningnum sagt upp haldast réttindi sem fengist hafa samkvæmt honum.

■ **30. gr.** Við gildistöku samnings þessa fellur úr gildi samningur frá 5. mars 1981 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi með síðari breytingum. Á sama tíma fellur úr gildi samningur frá 12. nóvember 1985 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um atvinnuleysisbætur. Ákvæðin um félagslega

aðstoð og fyrirframgreiðslu meðlags í samningi frá 5. mars 1981 gilda þó áfram.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Ívitnaður samningur frá 5. mars 1981 hafði lagagildi hér á landi, sbr. l. 66/1981. Þau lög voru hins vegar felld úr gildi með l. 46/1993 og er samningurinn

frá 1981 því ekki birtur hér, þótt honum hafi verið ætlað að gilda áfram um tiltekin atriði. Vísast um hann til Lagasafns 1990, d. 559–571.

■ **31. gr.** Frumtexta samnings þessa skal geyma í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur öðrum aðilum í té staðfest afrit af honum.

ELDDRI ÚTGÁFA